

Forsætisráðuneytið  
Sent í samráðsgátt stjórnvalda  
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg  
101 Reykjavík

8. febrúar 2022

**Efni: Drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025**

BHM fagnar því að loks sé sett fram framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks á Íslandi. Telur bandalagið áætlunina og þær greiningar sem í henni felast vera þarft og nauðsynlegt innlegg í jafnréttisumræðuna á Íslandi. Bandalagið telur þó að skerpa megi betur á lið 3 og 14 („Kortlagning á stöðu og réttindum hinsegin fólks á Íslandi“ og „Fjölbreytileiki á vinnumarkaði“) svo áætlunin rúmi einnig hagrannsóknir á efnahagslegri stöðu hinsegin fólks t.d. hvað varðar launamun m.t.t. kynhneigðar og/eða kynvitundar. Æskilegt væri að setja slíkt verkefni í forgang snemma á tímabilinu.

Í því samhengi ber að nefna að BHM hefur nýlega gert samning við Samtökin 78 um framkvæmd hagrannsóknar á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði m.a. á kynhneigðarbundnum launamun. Þá verður einnig framkvæmd viðhorfs- og reynslukönnun meðal hinsegin fólks á Íslandi. Launamunur hinsegin fólks á við aðra hópa hefur lítt verið kannaður á hinu alþjóðlega sviði og er hér því um tímamótasamkomulag að ræða. Rannsóknin gæti jafnframt haft hagnýta þýðingu fyrir íslenskan vinnumarkað. Að mati bandalagsins er kominn tími til að taka kyn, kynhneigð, kynvitund og aðra þætti alfarið út úr jöfnunni í launasetningu og framgangi á vinnumarkaði.

Fyrir hönd BHM,



Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson  
Formaður BHM